



Berist til sveitarstjórnar

Reykjavík, 6. mars 2025

Varðar: Upplýsingabeiðni á grundvelli upplýsingalaga, nr. 140/2012 um útvistun sveitarfélags á ræstingu og þrifum

Á síðustu vikum hefur skapast þörf umræða um aðstæður og kjör ræstingarfólks hér á landi. Ljóst er að almannafé hefur í stóruoknum mæli verið nýtt til útvistunar ræstinga og þrifa með sparnað að leiðarljósi. Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Starfsgreinasamband Íslands (SGS) og Eflingstéttarfélag gáfu út yfirlýsingu þann 20. febrúar sl. þar sem siðlaus framkoma gagnvart ræstingafólki var fordæmd.¹

Umfang útvistunar ræstinga- og þrifaverkefna

ASÍ, SGS og Efling óska eftir upplýsingum um öll þau ræstinga- og þrifaverkefni sem sveitarfélagið hefur útvistað á almanaksárunum 2019 til og með 2024. Er þess óskað að upplýsingarnar tilgreini eftirfarandi:

- Fjöldi verkefna
- Hvaða stofnun nýtur þjónustunnar
- Kaupverð samkvæmt greiddum reikningum
- Hvaða fyrirtæki er seljandi þjónustunnar
- Útboðsgögn og mótttekin tilboð fyrirtækja

Framkvæmd útboða og eftirlit

Jafnframt er óskað upplýsinga um það í hvaða útboðum á sviði ræstinga og þrifa sveitarfélagið hefur sett eftirfarandi heimildarákvæði laganna um hæfi bjóðenda í útboðsskilmála:

- a) Heimild til höfnunar gerð samnings um lægsta tilboð ef hægt er að sýna fram á að það uppfyllir ekki kjarasamninga og félagsleg réttindi, sbr. 3. mgr. 66. gr. og d - lið 1. mgr. 81. gr. laga um opinber innkaup, nr. 120/2016
- b) Heimild til útilokunar fyrirtækis frá þátttöku í innkaupaferli á grundvelli brota þess á sviði félagsmála og vinnuréttar, sbr. 6. mgr. 68. gr. sömu laga
- c) Heimild til þess að greiða vangoldnar verktakagreiðslur til starfsmanna á kostnað aðalverktaka, sbr. 2. mgr. 88. gr. a sömu laga
- d) Almennt eftirlit með kjörum og aðbúnaði starfsfólks verkseljanda

Í þeim tilvikum þar sem ofangreind heimildarákvæði hafa verið í útboðsskilmálum er óskað eftir upplýsingum um þau tilfelli sem fyrirtæki hefur verið útilokuð á grundvelli umræddra heimilda.

Virðingarfyllst,
F.h. ASÍ, SGS og Eflingar

Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfr. hjá ASÍ